



Borgarráð

Sundlaugavegur – afnotasamningur um borgarland

Óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi afnotasamning við Hleðsluvaktina ehf., kt. 691119-1650, um 6 bílastæði í borgarlandi við Sundlaugaveg, vestan við Laugardalsvöll og Laugardalslaug.

Greinargerð:

Með erindi skrifstofu umhverfisgæða á umhverfis- og skipulagssviði var óskað eftir því að gengið yrði til samninga við Hleðsluvaktina ehf. um leigu á 6 bílastæðum í borgarlandi, vestan við Laugardalsvöll og Laugardalslaug.

Samkvæmt drögum að afnotasamningi mun Hleðsluvaktin ehf. setja niður 6 hleðslustöðvar fyrir jafn mörg ökutæki fyrir framan bílastæðin. Óheimilt verður að nota bílastæðin til annars en reksturs hleðslustöðva fyrir ökutæki. Hleðslustöðvarnar skulu opnar almenningi með greiðslukerfi fyrir almenn greiðslukort og því jöfn tækifæri fyrir alla til að nota hleðslustöðvarnar. Sama gjaldskrá skal gilda fyrir alla notendur. Leiga greiðist fyrir afnotin og er hún 30.000 kr. á ári og tekur breytingum við áramót miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Afnotasamningur verður tímabundinn til 2 ára. Hleðsluvaktin ehf. greiðir allan kostnað vegna reksturs bílastæðanna.

Virðingarfyllt,

Óli Jón Hertervig
*Fjármála- og áhættustýringarsvið
Eignaskrifstofa*

Hjálagt:

Drög að afnotasamningi, dags. 20. júní 2022 ásamt fylgiskjölum

DRÖG

AFNOTASAMNINGUR UM BORGARLAND

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, vegna Reykjavíkurborgar – eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, (hér eftir nefndur „leigusali“) og Hleðsluvaktin ehf., kt. 691119-1650, Baðsvöllum 14, 240 Grindavík (hér eftir nefndur „leigutaki“), gera með sér svofelldan afnotasamning:

1. *Hið leigða*

Leigutaki tekur á leigu 6 bílastæði í borgarlandi vestan við Laugardalsvöll og Laugardalslaug, sbr. fylgiskjal 1. Leigutaki mun setja niður 6 hleðslustöðvar fyrir jafn mörg ökutæki fyrir framan bílastæðin. Óheimilt er að nota hið leigða til annars en reksturs hleðslustöðva fyrir ökutæki.

Hleðslustöðvarnar skulu opnar almenningi með greiðslukerfi fyrir almenn greiðslukort og því jöfn tækifæri fyrir alla til að nota hleðslustöðvarnar. Sama gjaldskrá skal gilda fyrir alla notendur.

2. *Afhendingartími*

Hið leigða afhendist við samþykki borgarráðs á samningi þessum og ber leigutaka að greiða leigu frá og með afhendingardegi.

3. *Leigugjald*

Leiga greiðist fyrir afnotin og er hún 30.000 kr. á ári og tekur breytingum við áramót miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sem við undirritun samnings þessa sem er 535,4 stig. Leigugjaldið greiðist fyrirfram með gjalddaga 1. september ár hvert og eindaga 15 dögum síðar. Fyrsti gjalddagi er 1. september 2022.

4. *Gildistími*

Afnotasamningur þessi er tímabundinn til tveggja (2) ára, frá 1. júlí 2022 að telja. Við lok afnotatíma framlengist samningur þessi sjálfkrafa í eitt (1) ár í senn nema leigusali eða leigutaki tilkynni skriflega breytingu þar um með a.m.k. 6 mánaða fyrirvara. Skal uppsögn tilkynnt skriflega til samningsaðila.

5. *Rekstrarkostnaður og viðhald*

Frá upphafi leigutíma skal leigutaki greiða allan kostnað vegna reksturs hins leigða. Leigutaki mun þjónusta hleðslustöðvarnar og reka þjónustuver fyrir almenning.

6. *Uppsetning og frágangur*

Framkvæmdir greiðast af leigutaka og skulu vera til samræmis við teikningu af frágangi bílastæða, sbr. fylgiskjal 2. Sækja skal um afnotaleyfi fyrir framkvæmdinni til leigusala.

Frágangur hleðslustöðva verður með þeim hætti að hellur eru teknar upp og sökklum er komið fyrir í staðinn. Hellurnar verða skornar til að sníða í kringum sökklana, sbr. fylgiskjal 3. Tryggja

skal frágang hleðslustöðva þannig að þær trufla ekki þjónustu við borgarlandið, s.s. snjómokstur og þrif. Leigutaka er heimilt að merkja bílastæðin með grænum grunni og hleðslumerki til að einkenna bílastæðin sem hleðslustæði.

Leigutaka er heimilt að setja á eigin kostnað nýjan rafmagnsskáp með nýrri heimtaug frá spennustöð sem er nærri Laugardagslaug, sbr. fylgiskjal 3. Rafmagnsskápurinn mun standa um 1,1 m upp úr jörðu og er 0,8 m breiður.

7. Skil á hinu leigða

Við lok samnings þessa skal leigutaki skila hinu leigða til leigusala. Leigutaki skal við samningslok fjarlægja hleðslustöðvar og hreinsa og skila bílastæðunum í ásættanlegu ástandi.

8. Nýting á hinu leigða

Leigutaka er óheimilt að nýta hið leigða í öðrum tilgangi en greinir um í 1. gr. Öll önnur framleiga er óheimil.

9. Riftun

Brot á ákvæðum samnings þessa getur valdið riftun. Hið sama gildir ef vanskil á gjaldi fyrir leiguafnot varir í lengri tíma en tvo mánuði.

10. Varnarþing

Rísi ágreiningur um afnotasamning þennan má bera hann undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

Reykjavík 20. júní 2022

Leigusali:

Leigutaki:

f.h. Reykjavíkurborgar með fyrirvara
um samþykki borgarráðs

f.h. Hleðsluvaktarinnar ehf.


Vottar að rétttri dags., undirskrift
og fjárræði aðila:

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala



Fylgiskjöl:

- Nr. 1 Afmörkun hins leigða
- Nr. 2 Teikning af frágangi bílastæða
- Nr. 3 Mynd af frágangi hleðslustöðva





Skyringar



VERKHÖNNUN
 VERKFRÆÐISFRÁGANGUR
 Kennitala: IS Reykjavík
 Sími: 570-5800, f. 65007-1280
 www.verkhonnun.is, verkinnun@verkhonnun.is
 Magnús B. Jónsson, tlf. 03679-4143
 Laugavegur 10, 101 Reykjavík

SUNDLAUGAVEGUR 30A
 RAFLAGNIR
 AFASTÖÐIYND OG EINLIJNÝND

Áskorun: 2022-01-029
 Útgefning: 03.00.01
 Dátum: 2022-01-029

